

# EFTIRLITSSKÝRSLA



## Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.

<b>Dags eftirlits</b>	26.3.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik voru staðfest við eftirlit. Frávikin voru: 1.sláturúrgangur úr áhættuflokki 1 var urðaður haustið 2012, 2. breyting hefur verið gerð á umfangi starfsemi, 3. of mikið var urðað af lífrænum úrgangi árið 2012, 4. kröfur um botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar, 5. hluti mæliniðurstaðna á vatni hafa ekki borist eftirlitsaðila og 6. aðstæður til geymslu ónýtra bíla er ekki fullnægjandi. Sjónarmið rekstraraðila vegna frávika bárust 27.5. 2013 og er tekið tillit til þeirra við lýsingar á frávikum.

Tilhögun hauggasmælinga á urðunarstöðum hefur enn ekki verið fastsett en rekstraraðili sendi niðurstöður slíkra mælinga 9.4.sl.

### UMFANG EFTIRLITS

Á fundi var farið yfir skráningar úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra, hreinsun olíuskilju, bann á urðun sláturúrgangs og dýraleifa í 1 og 2. áhættuflokki, breytingar á starfsemi að Strönd (móttaka spilliefna og umhleðsla húsasorps frá Hellu), skil mælinganiðurstaðna og móttöku úrgangs 2012. Auk fundar voru urðunar- og geymslusvæði skoðuð.

#### Frávik frá

Heimild til urðunar sláturúrgangs sem tilheyrir áhættuflokki 1 féll úr gildi þann 30.4.2012 sbr. gr.2 í reglugerð 395/2012.

#### Lýsing á fráviki

Tekið var á móti sláturúrgangi úr áhættuflokki 1 og hann urðaður haustið 2012. Í athugasemdum rekstraraðila frá 27.5.sl. segir að ekki verði framhald á urðun þessa úrgangs. Áriðandi er að sláturúrgangur í áhættuflokki 1 fari framvegis í réttan farveg. Eftirlitsaðili minnr vinsamlega á að berist rekstraraðila beiðni um móttöku þessa úrgangs tilkynni hann Umhverfisstofnun það tafarlaust.

Sbr. ákv. 1.4 í starfsl. skulu breytingar á rekstri tilkynntar til UST.Nauðsynlegt er að gera grein fyrir öllum breytingum á rekstri svo mögulegt sé að meta hvort breyta þurfi starfsleyfi. Ekki er gert ráð fyrir tilgr. starfsemi sjá ákv. 1.2 um umfang starfsemi.

Móttaka spilliefna og umhleðsla sorps frá Hellu fer nú fram að Strönd, en ekki er gert ráð fyrir þessum þáttum í starfsleyfi. Í athugasemdum rekstraraðila frá 27.5.sl. segir að ekki verði framhald á þessari starfsemi.

Ákvæði 1.2 í starfsleyfi en þar segir að heimilt sé að urða allt að 800 tonn af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi s.s. sláturúrgangi á ári.

Eins og undangengin ár var urðað magn sláturúrgangs of mikið eða 856 tonn árið 2012. Í athugasemdum rekstraraðila frá 27.5.sl. segir að ekki verði farið yfir urðunarheimild á næsta ári.

Þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en samkvæmt honum skal vernda jarðveg, grunn- og yfirborðsvatn með jarðfræðilegum tálma og botnpéttingu.

Eins og undangengin ár hafa kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma ekki verið uppfylltar. Svar rekstraraðila frá 27.5.sl. um þetta frávik er ekki fullnægjandi. Ef rekstraraðili ætlar að hætta urðun lífræns úrgangs ber honum að standast kröfur urðunarstaða f. óvirkan úrgang.

Sbr. ákv. 3.3 í starfsleyfi skulu niðurstöður

Niðurstöður seinni mælinga á grunn/sigvatni 2012 hafa ekki borist

1. tl. 1. viðauka reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Þar er gerð krafa um að stæði bíla skuli steypt eða malbikuð o.fl.

Sem fyrr voru örfáir bílar á malarlögðu geymslsvæði. Í athugasemdum rekstraraðila frá 27.5.sl. segir að bílar verði ekki geymdir til lengri tíma á svæðinu, en til styttri tíma verði nokkrir bílar geymdir fram að flutningi í endurvinnslu/förgun Komið verður upp skammtíma-geymsluaðstöðu f. 1.6.2014.

#### ANNAÐ

Ekki hefur verið útkljáð (Umhverfisstofnun og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti) hvernig hauggasmælingum skal háttað hér eftir, en Umhverfisstofnun mun tilkynna niðurstöðuna þegar hún liggur fyrir. Hins vegar hefur rekstraraðili gert hauggasmælingar og bárust niðurstöður þeirra 9.4.2013.

Reykjavík, 08.07.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.